

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2003

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, sem er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd (sjá þskj. 349, 304. mál).

Ráðgjafarnefnd um opinbert eftirlit gerði árið 2001 athugasemdir við hliðstætt frumvarp. Í framhaldi af þeim athugasemdum sem þar komu fram átti nefndin óformlegt samráð við viðskiptaráðuneytið. Nefndin átti fund með framkvæmdastjóra Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja sl. vor, þar sem rætt var um gjaldtöku stofnunarinnar vegna stjórnarsýsluverkefna og gerði í kjölfarið athugasemdir við það fyrirkomulag við viðskiptaráðuneytið. Í kjölfarið fundaði nefndin með forsvarsmönnum FME síðastliðið vor, þar sem farið var almennt yfir starfsemi og fjármögnun stofnunarinnar.


Ráðgjafarnefndin er enn þeirrar skoðunar að varhugavert sé að skipa eftirlitsstofnunum til hliðar við almenna stjórnarsýslu ríkisins, svo sem gert er með FME. Það hefur í för með sér hættur jafnt út frá eftirlitssjónarmiði og út frá rekstrar-sjónarmiði. Forsvarsmenn FME hafa hins vegar fært fram ýmis rök fyrir þessu fyrirkomulagi út frá eftirlitssjónarmiðum og viðskiptaráðuneytið er sammála þeim rökum.

Engin skynsamleg rök hafa verið færð fram fyrir núverandi fyrirkomulagi við undirbúning fjárveitinga stofnunarinnar. Það veitir fjárhagsáætlunum stofnunarinnar ekki sama aðhald og aga og hefðbundin fjárstjórn fjárlaga. Sérstaklega er athugunarvert hversu lítið tillit virðist enn tekið til athugasemda hinna eftirlitsskyldu aðila. Þrátt fyrir að fjárheimildir stofnunarinnar hafi aukist umtalsvert á undanförunum árum hefur sú útgjaldaþensla sem einkenndi starfsemina á upphafsárum stofnunarinnar ekki haldið áfram með sama hætti og nefndin óttaðist í umsögninni árið 2001. Eftir stendur á hinn bóginn að rekstrarkostnaður stofnunarinnar hefur aukist ár frá ári. Ráðgjafarnefndin telur því ástæðu til að kanna hvort ekki sé rétt að breyta lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, í þá veru að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins fjalli um fjárhagsáætlanir stofnunarinnar með sama hætti og innan sama ramma og áætlanir annarra stofnana, jafnvel þótt lagasetning um niðurjöfnun kostnaðarins í kjölfarið verði með óbreyttum hætti. Nefndin telur skynsamlegt að farið verði yfir áætlanir stofnunarinnar í samhengi við áætlanir annarra eftirlitsstofnana. Í ljósi þess ágreinings sem verið hefur viðvarandi

um kostnað FME hlýtur að vera æskilegt ef með þessu móti tækist að auka tiltrú á gæðum rekstraráætlana, skapa stofnuninni nauðsynlegt aðhald og auka sátt um gjaldtöku stofnunarinnar.

Ráðgjafarnefndin er sammála því meginmarkmiði að þeir sem eftirlit beinist að greiði fyrir eftirlitið. Á hinn bóginn er gagnrýni vert að niðurjöfnunarkerfi gjalda skuli ekki taka mið af mismunandi eftirlitsþörf hjá hinum eftirlitsskyldu aðilum. Þannig væri eðlilegt að góð innri eftirlitskerfi sem leiða til takmarkaðri eftirlitsþarfar veittu afslátt af gjöldum. Jafnframt er mikilvægt að gæta þess að niðurjöfnunarkerfið taki einungis til eftirlitsverkefna í þröngum skilningi. Af þeim ástæðum hefur nefndin lýst áhyggjum sínum af því að FME sinni stjórnarsýsluverkefnum, sem eðli málsins samkvæmt eru ekki eftirlitsverkefni og sendi hinum eftirlitsskyldu aðilum reikninginn fyrir þeirri vinnu. Að áliti nefndarinnar á að greiða kostnað af undirbúningi löggjafar og setningar reglna úr ríkissjóði af almennu skattfé. Annað verklag skapar tortryggni af hálfu eftirlitsskyldra aðila og skapar hættu á að lögskyldar greiðslur fyrir raunkostnað af eftirliti breytist smátt og smátt í markaða skattstofna, þvert á umbótaþróun í ríkisrekstri á undanförunum áratug.

Virðingarfyllt,
f.h. ráðgjafarnefndarinnar


Halldór Arnason, formaður